

Landsteinar – 4. kafli

Austurland

Landshlutinn nær frá Langanesi að Lónsheiði. Á Austfjörðum er landslag **svipað** og á Vestfjörðum; bröngir firðir, há fjöll og lítið undirlendi. Við firðina eru **víða** góðar hafnir og íbúar vinna **aðallega** við fiskveiðar og fiskvinnslu. Stærsta landbúnaðarsvæði á Austurlandi er Fljótsdalshérað með um 3.500 íbúa. Mikil jökulá, Lagarfljót, rennur úr Vatnajökli eftir miðju héraðinu og í Héraðsflóa. Á bökkum fljótsins eru grösugar og gróðursælar sveitir. Í fljótinu er þriðja stærsta stöðuvatn landsins, Lögurinn, og á bökkum þess standa Egilsstaðir sem eru ásamt Fellabæ stærsti kaupstaður á Austurlandi. Egilsstaðir eru einn fárri kaupstaða sem liggja ekki að sjó. Þar er menntaskóli, sjúkrahús, íþróttahús, sundlaug og prentsmiðja. Þar er **einnig** aðalflugvöllur Austurlands. Margir starfa við bygginga- og vélaiðnað, verslun og ferðaþjónustu.

Á Fljótsdalshéraði er stærsti skógur á Íslandi, Hallormsstaðaskógur (um 740 hektarar). Þar er ræktaður nytjaskógur og er lerki aðaltrjategundin, en sjálfsáið birki þekur um helming skóglendisins. Á heiðum Austurlands eru heimkynni íslensku hreindýranna sem eru nokkur þúsund talsins.

Ferjan Norræna, sem heldur uppi samgöngum á sjó á milli Íslands, Færeyja og Danmerkur á sumrin, leggst að bryggju á Seyðisfirði.

Frá Austurlandi eru til margar þjóðsögur um dverga í steinum, huldufólk, álfa og tröll. Landslagið, sem víða **einkennist** af klettum og ásum, **ýtir undir** ímyndunaraflið. Mörg örnefni minna á þessar sagnir, svo sem Álfaborg og Dvergasteinn.

Verkefni

1. Skoðið orðalistann hér að neðan. Setjið síðan í eyðurnar orð eða orðasamband sem hefur svipaða merkingu og **feitletruðu** orðin í textanum.

Á Austfjörðum er landslag _____ og á Vestfjörðum.

Við firðina eru _____ góðar hafnir

og íbúar vinna _____ við fiskveiðar og fiskvinnslu.

Þar er _____ aðalflugvöllur Austurlands.

Landslagið, sem víða _____ af klettum og ásum,

_____ ímyndunaraflíð.

á mörgum stöðum	einkum	örvar
líka	líkt	mótast

2. Finnið orð með andstæða merkingu við orðin sem eru undirstrikuð í textanum.

Þröngir firðir : _____ firðir

há fjöll : _____ fjöll

lítið undirlendi : _____ undirlendi

góðar hafnir : _____ hafnir

stærsta landbúnaðarsvæði á Austurlandi : _____ landbúnaðarsvæði

mikil jökulá : _____ jökulá

stærsti kaupstaður á Austurlandi : _____ kaupstaður á Austurlandi

einn fárra kaupstaða : einn _____ kaupstaða

margir starfa við verslun : _____ starfa við verslun

margar þjóðsögur : _____ þjóðsögur

3. Ljúkið við töfluna.

stór	_____	stærstur
_____	_____	minnstur
_____	lengri	_____
stuttur	_____	_____
_____	fleiri	_____
fáir	_____	fæstir
_____	meiri	_____
hár	_____	_____
_____	_____	lægstur

Kárahnjúkar



Kárahnjúkavirkjun er **umfangsmesta** verkefnið sem Landsvirkjun hefur **tekist á hendur**. Á sínum tíma var framkvæmdin **ríkur** þáttur í starfsemi fyrirtækisins og **jafnframt fyrirferðarmikil** í samfélagsumræðunni. Verkefnið var **margþætt** og að því komu þúsundir manna úr ýmsum starfsgreinum og frá fjölmörgum þjóðlöndum.

Kárahnjúkavirkjun varð **tilefni langvinnra** umræðna og **harkalegra** deilna í þjóðfélaginu. Þá reyndi mjög á Landsvirkjun og starfsmenn fyrirtækisins sem stóðu í eldlínu átaka en urðu um leið að leysa margvísleg vandamál sem fylgdu sjálfum framkvæmdunum, bæði tæknileg, efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg.

Verkefni

1. Hvað er Landsvirkjun? Fyrirtæki sem _____
2. Hver á Landsvirkjun? _____
3. Hvað er virkjun? _____
4. Getið þið nefnt einhverja aðra virkjun en Kárahnjúkavirkjun? _____

5. Samheiti. **Feitletruðu** orðin úr textanum eru hér í dálkinum til vinstri. Parið þau við orð með svipaða merkingu í dálkinum hægra megin.

1. umfangsmesta	___ fjölbreytilegur
2. tekist á hendur	___ langur
3. ríkur	___ stór
4. jafnframt	___ líka
5. fyrirferðarmikil	___ orsök
6. margþætt	___ ráðist í
7. tilefni	___ harður
8. langvinnra	___ áberandi
9. harkalegur	___ stærsta

6. Kárahnjúkavirkjun varð tilefni langvinnra umræðna og harkalegra deilna í þjóðfélaginu. Getið þið ímyndað ykkur um hvað var deilt í þjóðfélaginu?

Blaðgrein: Myrti fólk og upplýsti morðmál í frístundum við Kárahnjúka

Ófá morð og önnur óhæfuverk voru framin í tölvu Yrsu Sigurðardóttur í aðalvinnubúðunum við Kárahnjúka. Hún sinnti skyldustörfum sínum sem verkfræðingur á daginn en á kvöldin brá hún sér í hlutverk rithöfundar og bjó til spennufléttur með því að myrða fólk og hjálpa síðan söguhetjunni sinni, Þóru Guðmundsdóttur lögfræðingi, að upplýsa morðmálin hvert á fætur öðru. Þessi tómstundavinna skapaði ókrýnda drottningu sakamálasagna í íslenskum bókmenntaheimi.

Auðnin, fjórða glæpasaga Yrsu, kom út á árinu 2008 og þar tekur hún greinilega út úr reynslubanka sínum við Kárahnjúka með því að sviðsetja söguna í vinnubúðum verktaka á Grænlandi. Áður hafði hún sent frá sér *Þriðja táknið*, *Sér grefur gröf* og *Ösku*, glæpasögur sem slógu í gegn hérlandis og erlendis. Sakamálasögurnar

hennar Yrsu eiga eitt sameiginlegt og það er að þær tengjast Kárahnjúka-verkefninu, annaðhvort sem vettvangur höfundar þegar þær urðu til eða sem sögusvið.

Blaðamaður: Hvernig fórstu að því að finna þér tíma frá daglegu amstri til skrifta?

„Ég skrifaði þrjár fyrstu bækurnar að meira eða minna leyti í vinnubúðunum. Fyrsta ár framkvæmdanna var svo mikið annríki að alls ekkert tóm gafst til ritstarfa. Þá var bara botnlaus vinna og aftur vinna. Eftir hálf tanna ár eða svo var tekin ákvörðun um að reyna að draga úr kvöldvinnu í framkvæmdaefirlitinu og þá fékk ég tækifæri til að skrifa skáldsögur. Oft gat ég ekki slitið mig frá tölvuskjánum fyrr en komið var fram á nótt og svefntíminn skertist sem því nam. Samt hvíldist ég í raun því skrifin voru svo ólík vinnunni og ég var eiginlega í öðrum heimi í bókstaflegum skilningi!“

Verkefni

1. Hvað gerir Yrsa Sigurðardóttir? _____

2. Við hvað starfaði hún á Kárahnjúkum? _____

3. Hvers konar bækur skrifar hún? _____

4. Hvað heitir aðalpersónan í bókunum hennar? _____

5. Hvar gerist sagan *Auðnin*? _____

6. Hvað eiga sögurnar, sem nefndar eru í greininni, sameiginlegt? _____

7. Hvernig er hægt að lýsa fyrirsögn blaðagreinarinnar? _____

8. Umorðið eða finnið samheiti eftirfarandi orða og orðasambanda sem eru undirstrikuð í greininni.

ófa morð voru framin = _____

söguhetja = _____

tómstundavinna = _____

þar tekur hún út úr reynslubanka sínum = _____

að sviðsetja söguna = _____

hérlendis og erlendis = _____

sakamálasögurnar = _____

daglegu amstri = _____

var svo mikið annríki = _____

alls ekkert tóm gafst = _____

eftir hálf tannað ár eða svo = _____

var tekin ákvörðun um = _____

draga úr = _____

ég gat ekki slitið mig frá tölvuskjánum = _____

9. Finnið dæmi um orð í textanum sem hafa forskeyti.

Blaðgrein: Fiskverkakona varð álforstjóri

Janne Sigurðsson hefur annan bakgrunn en margir forstjórar



Álforstjórinn kemur frá Álaborg. Janne kom fyrst hingað til lands árið 1988. Hún flutti aftur til Danmerkur en kom svo aftur til landsins árið 2005.

Óhætt er að segja að Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, hafi dálítið annan bakgrunn en margir forstjórar stórfyrirtækja á Íslandi. Janne, sem er fædd í Álaborg í Danmörku, var ráðin í starfið frá og með 1. janúar síðastliðnum. Hún

kom eiginlega alveg óvart til Íslands eftir að hafa ferðast um heiminn að loknu menntaskólanámi í Danmörku. Janne ákvað að sækja um starf í fiskvinnslu á Íslandi árið 1988 og fékk starf við hæfi á Eskifirði. „Eftir að hafa ferðast um heiminn fannst mér ekki nógu spennandi að fara aftur heim til Danmerkur – svo að ég sótti um starf í fiskvinnslu á Íslandi og vissi ekkert um Eskifjörð nema að þetta var huggulegur lítil bær fyrir austan. Ég fékk starfið og innan tveggja sólarhringa var ég búin að pakka og á leiðinni í flug með níu öðrum stúlkum.“ Tíminn á Eskifirði var skemmtilegur. „Ég var með 6 mánaða samning við Eskju og fékk bæði að vera í frystihúsinu og í lönduninni. Þetta var skemmtilegur tími, alltaf fjör og gaman,“ segir Janne og bætir við að hún hafi verið svo heppin að hafa kynnst Aðalsteini Jónssyni og Guðlaugu, eiginkonu hans, ásamt dóttur þeirra, Elfu heitinni, þar sem hún sinnti vikulegri húshjálpi. „Þetta var afar gott og elskulegt fólk, sem alltaf tók vel á móti mér.“

Eiginmanni sínum, Magnúsi Sigurðssyni, kynntist hún á Íslandi en svo fór þó að þau fluttu til Danmerkur þar sem Janne fór í háskólanám til að læra stærðfræði og tölvunarfræði. Eftir námið fékk hún gott starf hjá Siemens Mobile Phones þar sem hún leiddi teymi 40 forritara. En hún segir að Ísland hafi alltaf togað í sig og þau hjónin fluttu til Fjarðabyggðar haustið 2005 ásamt börnum sínum. Í kjölfarið fékk hún starf hjá Fjarðaáli þar sem hún sinnti ýmsum störfum. „Ég byrjaði hjá Fjarðaáli vorið 2006 sem framkvæmdastjóri í tölvuteyminu. Eftir nokkra mánuði var ég beðin um að skipta og verða framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar. Vorið 2008 tók ég við framkvæmdastjórastólnum í kerskalanum og varð svo framkvæmdastjóri framleiðslu árið 2010. Þannig að áður en ég tók við af Tómasi sá ég um kerskála, skautsmiðju, steypuskála og áreiðanleikateymi,“ segir hún en Janne var svo ráðin forstjóri Alcoa Fjarðaáls á dögunum. Hún segist mjög spennt fyrir starfinu. „Ég er ofsalega spennt. Þvílíkt tækifæri að fá að halda áfram að byggja upp þetta góða fyrirtæki með því frábæra fólkum sem starfar þar og efla þannig samfélagið á Austurlandi.“

Aðspurð hvernig henni líki að búa í Fjarðabyggð segir hún: „Hérna er frábært fólk, sem fylgist með því hvort nágrannanum líður vel eða ekki.“

Verkefni

1. Að hvaða leyti er fyrirsögnin villandi? _____

2. Álaborg er íslenskun á dönsku borgarheiti. Hvað heitir borgin? Þekkið þið önnur dæmi um íslenskun staðaheita?

3. Hvernig fyrirtæki er Eskja? Af hverju er nafnið Eskja dregið?

4. Hvað er líklegt að Aðalsteinn Jónsson geri eða hafi gert? Hvað gefur okkur vísbendingar um það?

5. Hvað merkir „Elfa heitin“?

6. Hver er Tómas? Kemur það fram í fréttinni? _____

7. Hvar búa Janne og fjölskylda?

8. Finnið önnur orð eða annað orðalag.

óhætt er að segja = _____

alveg óvart = _____

við hæfi = _____

innan tveggja sólarhringa = _____

en svo fór þó = _____

ásamt börnum sínum = _____

á dögnum = _____

ofsalega = _____

aðspurð = _____